

Björn Snæbjörnsson 1. maí 2012

Vinna er velferð

Ágætu félagar, til hamingju með daginn.

Enn á ný er runninn upp 1. maí. Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðshreyfingarinnar.

Þennan dag fyrir 89 árum fór íslenskt verkafólk í fyrsta sinn í kröfugöngu.

Æ síðan hafa launþegar í þéttbýli safnast saman 1. maí til að minnst þess sem áunnist hefur í baráttunni fyrir betri kjörum, en einnig til að ítreka að baráttan fyrir auknu réttlæti, bræðralagi og betri kjörum er þrotlaus.

Henni lýkur aldrei.

Á 1. maí, baráttudegi verkalýðsins er ekki bara hollt, heldur nauðsynlegt, að rifja upp þann mikla árangur sem verkalýðsbarátta í heila öld hefur skilað íslensku launafólki.

Hér eru vinnuaðstæður og réttindi launafólks með því besta sem gerist í heiminum og fyrir það ber að þakka.

En munum að réttindi launafólks hér á landi féllu ekki af himnum ofan!!!

Það er ekkert skrýtið þó að fólk nú til dags sé ekki að velta fyrir sér hvernig réttindin hafa komist á.

Engar vangaveltur um að réttindin séu í hættu!!!

En munum að það er ekkert ókeypis í henni veröld!!!

Það voru afar okkar og ömmur sem börðust hatrammri baráttu fyrir okkur sem nú fleytum rjúmann!!! Það er nú ekki lengra síðan.

Við megum því aldrei sofna á verðinum, heldur standa vörð um það sem áunnist hefur í baráttunni um leið og við sækjum fram.

Það er unnið ötullega að því að rægja alla þá sem vara við því að við getum misst þessi réttindi og því miður hefur þeim orðið vel ágengt í sínum tilburðum og alltof margir eru tilbúnir að taka undir þennan söng.

En hafið í huga að verkalýðsbaráttan snýst um að bæta sífellt stöðu vinnandi fólks, verkalýðsbarátta er eilífðarbarátta og árangur næst ekki nema með víðtækri samstöðu.

Ef ég tek nokkur dæmi af handahófi um árangurinn þá má t.d. benda á:

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur eða vinnulöggjöfin eins og hún er oftast kölluð sem var lögtekin árið 1938.

Með vinnulöggjöfinni eru mótaðar samskipta- og leikreglur á íslenskum vinnumarkaði.

Lög um Atvinnuleysistryggingar, sem voru hugsaðar til að tryggja þeim sem eru í atvinnuleit lágmarksframfærslu þangað til starf hefst á nýjan leik.

Réttinn til orlofs fékk íslenskt verkafólk árið 1943, eftir að frumvarp þess efnis hafði legið fyrir Alþingi árum saman. Blað ASÍ, Vinnan, nefndi árangurinn "...réttarbót, sem telja verður stórsigur í hagsmunabaráttu íslensks verkalýðs."

Í kjarasamningi ASÍ og vinnuveitenda árið 1969 var kveðið á um að stofnaðir skyldu lífeyrissjóðir á félagslegum grundvelli fyrir alla launamenn innan Alþýðusambandsins.

Þá hafði verið rætt um almenna lífeyrissjóði á Alþingi frá 1957.

Þá má einnig telja hér upp áfanga eins og sjúkrasjóði stéttarfélaganna - kvennafrídaginn - fæðingarorlof og nokkru síðar feðraorlof og fræðslusjóðir stéttarfélaganna og nú síðast starfsendurhæfingarsjóð, svo nokkur mikilvæg atriði séu nefnd.

Hundrað ár eru síðan íslenskar verkakonur fóru fyrst í verkfall. Þeim fannst óréttlátt að fá 15 aura á tímann í fiskverkun þegar karlar höfðu 30 aura fyrir sömu vinnu.

Í áratugi höfum við haft lög í landinu sem kveða á um sömu laun fyrir sömu vinnu og fyrir jafnverðmæt störf.

En lög duga skammt ef ekki er farið eftir þeim. Óþolandi er að enn þann dag í dag skuli vinnuframlag kvenna ekki vera metið í launum til jafns við karla.

Við krefjumst þess að kynbundnum launamun verði eytt og kvennastörfum verði gert jafnhátt undir höfði og hefðbundnum karlastörfum.

Samstaða gerir okkur kleyft að ná árangri.

Í síðustu samningum gerðist það að 13 félög innan Starfsgreinasambands Íslands náðu að sameinast um megin markmið og héldu samstöðunni út samningana, þó að margir hafi reynt að efna til ósamlyndis.

Samstaðan gerði það að verkum að við náðum meiru fyrir okkar fólk heldur en ella hefði orðið.

Ég vil líka nefna að samvinnan við Flóabandalagið var mjög góð.

Það hafa oft orðið mikil átök innan verkalýðs-hreyfingarinnar bæði um menn og málefni og hafa slík átök ekkert gert annað en að veikja innviði okkar.

Það gustaði hressilega um Starfsgreinasamband Íslands og mikil spurning hvort sambandið muni lifa af.

Á framhalds-þingi þess þann 10. maí nk. verður úr því skorið hvernig fer. Allt bendir til þess að menn hafi slíðrað sverðin og náð sáttum.

Ég tel að það hefði verið stórslys ef SGS hefði verið lagt niður. Þar hefði farið fyrir lítið málsvari hins almenna verkamanns um allt land.

En vandamálin eru mörg og ekki sér til lands í mörgum málum og sum virðast vara endalaust.

- Hvenær munu menn ná því kaupum að menn hafi náð lokaárangri? Ég held reyndar aldrei.
- Hvenær sjáum við að allir hafi nóg?
- Hvenær sjáum við að allir hafi atvinnu?
- Hvenær sjáum við að allir geti sótt nám í sinni heimabyggð?
- Hvenær sjáum að við náum jafnrétti til launa
- Hvenær sjáum við jafnrétti í lífeyrismálum

Það er svo mörgu ósvarað og enginn getur séð inn í framtíðina. En þetta eru einmitt málin sem verkalýðshreyfingin berst fyrir.

Mér hefur orðið tíðrætt um samstöðu og þann árangur sem menn geta náð ef hún er fyrir hendi.

En vandi Verkalýðshreyfingarinnar í dag er að innan hennar eru einstaklingar sem eru tilbúnir að rægja og deila á samstarfsaðila sína jafnvel miklu frekar en andstæðinga okkar, atvinnurekendur.

Vinna er velferð! er yfirskrift 1. maí að þessu sinni. Þetta eru orð að sönnu. Án vinnu verður lífsbaráttan afar erfið.

Greiðslubyrði margra fjölskyldna er erfið um þessar mundir og hefur atvinnuleysi gert mörgum erfitt fyrir. Þannig er nánast ómögulegt að borga reikninga heimilisins án atvinnu.

Við atvinnumissi hrynja í raun allir eðlilegir afkomumöguleikar einstaklingsins. Félagsleg tengsl hans rofna og sjálfsmyndin skaðast.

Ofan á þessar persónulegu hremmingar bætist missir samfélagsins sem fær ekki notið hæfileika og kunnáttu þess atvinnulausa.

Í dag eru um 12 þúsund manns í þessari stöðu og það er algerlega óásættanlegt. Hátt atvinnustig og lítið atvinnuleysi er ein af meginkröfum verkalýðs-hreyfingarinnar.

Landið okkar er gjöfult og tækifæri til atvinnu eiga að vera nóg.

Við búum við ein fengsælustu fiskimið í heimi, eigum hreinan og öflugan landbúnað, ferðaþjónustan eflist með hverju árinu, þekkingariðnaðurinn dafnar og svo eigum við auðlindir eins og hreint vatn og græna orku sem verða sífellt eftirsóknarverðari.

Okkar litla samfélag í þessu gjöfula landi á ekki að þurfa að horfa upp á þúsundir manna án vinnu. Það er skömm að staðan sé þannig tæpum fjórum eftir bankahrunið, að raunfjöldgun starfa er nánast engin frá ársbyrjun 2009.

Tilraunir núverandi ríkisstjórnar til að efla atvinnulíf í landinu og minnka atvinnuleysi hafa því miður verið kraftlitlar og ómarkvissar.

Verkalýðshreyfingin krefst þess að stjórnvöld ráðist strax í aðgerðir til þess að fá hjól atvinnulífsins til að snúast hraðar.

Auknar fjárfestingar á vegum hins opinbera og einkaaðila geta skapað ný störf og minnkað núverandi atvinnuleysi.

Verkalýðshreyfingin hefur bent á leiðir til að koma atvinnumálunum á hreyfingu.

Ein var að fá lífeyrissjóði til að fjármagna samfélagslega mikilvægar og hagkvæmar framkvæmdir þar sem litið yrði til óhefðbundinna fjármögnunarleiða sem ekki myndu íþyngja ríkissjóði.

Það voru mikil vonbrigði að stjórnarflokkarnir skyldu nálgast hugmyndir um einkaframkvæmdir með gamaldags viðhorfum. Afleiðingin er sú að mun minna hefur orðið úr framkvæmdum t.d. í vega- og jarðgangnagerð en vonir stóðu til.

Nú er búið að reka fleyg í raðir landsbyggðarinnar og þar spila okkar ágætu þingmenn stóra rullu.

Við fyrir norðan viljum Vaðlaheiðargöng, þið viljið að sjálfsögðu Dýrarfjarðargöng og Austfirðingar vilja Norðfjarðargöng.

Þingmenn höfuðborgarsvæðisins espa þetta síðan upp og niðurstaðan verður svo „þið komið ykkur ekki saman“ og þá verður hvergi gert neitt.

Það þarf ekki samstöðu bara í Verkalýðshreyfingunni heldur er það lífsspursmál fyrir okkur á landsbyggðinni að standa saman.

Alþýðusamband Íslands hefur barist fyrir því frá upphafi kreppunnar að fjárfest væri í því fólki sem misst hefur vinnuna.

Það er best gert með því að efla þau menntunar- og starfsþjálfunarúrræði sem standa atvinnuleitendum til boða.

Þannig nýtist tíminn í atvinnuleit til uppbyggingar og líkurnar á að komast aftur til vinnu aukast.

Á þessu sviði hefur náðst mikill árangur og til að mynda tókst ASÍ í kjarasamningum fyrir einu ári að sjöfalda þá upphæð sem fer til menntunar- og virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur.

Í dag eru um 1900 manns undir 25 ára aldri á atvinnuleysisbótum og sumir hafa verið það lengi. Þar til viðbótar er fjöldi ungmenna sem hvorki er á vinnumarkaði né í skóla.

Þessu er afar brýnt að breyta.

Sagan segir okkar að í kreppunni í Finnlandi upp úr 1990 fóru heilu árgangar ungmenna á mis við menntun og möguleika á atvinnuþátttöku með hörmulegum afleiðingum. Þessi ungmenni

eru gjarnan kölluð „týnda kynslóðin“ og þau hafa alla tíð síðan átt erfitt uppdráttar í finnsku samfélagi.

Til að forða Íslandi frá slíku slysi hafði ASÍ frumkvæði að því í síðustu kjarasamningum að opna framhaldskólana fyrir atvinnuleitendum.

Átakið kallast *Nám er vinnandi vegur* og hófst síðasta haust með því að um eitt þúsund atvinnuleitendur hófu nám í skólum landsins eftir að hafa gert sérstaka námssamninga við Vinnumálastofnun.

Jafnframt var öllum ungmennum að 25 ára aldri, sem þess óskuðu, tryggt námspláss í framhaldsskólum landsins. Það er skemmst frá því að segja að þetta átak hefur gengið vonum framár og hefur brottfall verið lítið.

Tekist hefur að virkja um þúsund ungmenni til náms. Það er ekki lítið afrek. Þessi virkni undirbýr unga fólkið fyrir þátttöku á vinnumarkaðnum um leið og hann réttir úr kútnum auk þess er það nú bara þannig að menntun eykur líkur á að viðkomandi fái starf.

1. maí er ekki bara baráttudagur vinnandi fólks, hann er baráttudagur fyrir vinnu. Það eru mannréttindi að einstaklingur sem getur unnið hafi vinnu og mannsæmandi laun fyrir vinnu sína.

Með því móti getur hann séð og sínum farborða. Þannig verður hann virkur þátttakandi í samfélaginu. Við verðum að tryggja að allir sem geta unnið fái að vinna. Það er krafa dagsins.

Það er líka mikilvægt fyrir samfélagið okkar að það fái notið starfskrafta sem flestra. Aðeins þannig náum við að halda uppi því velferðarkerfi sem við viljum hafa í okkar góða landi.

Dagurinn í dag er mikill hátíðisdagur, ekki síst að fá að koma hingað og fá að halda ræðu hjá vinafélagi okkar í Einingu-Iðju, en Verkvest er **vinafélag** okkar, en vinafélög eru fágæt innan hreyfingarinnar, en Vestfirðir og Eyjafjörður eru atvinnulega mjög svipuð og hagsmunir okkar fara saman.

Dagurinn er líka sérstakur fyrir mig því að í dag eru 30 ár síðan ég byrjaði að starfa á skrifstofu Einingar.

Ég tel að það hafi verið mér mikil gæfa að fá að taka þátt í þessu starfi allan þennan tíma og hafa bæði vinnu og áhugamál í sama starfi.

Á þessum tímamótum veltir maður einnig fyrir sér hvað hefur breyst og það hefur svo sannarlega margt breyst.

Ég tala nú ekki um alla tæknina og hvað það er mikið auðveldara að hafa samband við féлага og öll fræðsla er miklu meiri. Og allar boðleiðir svo miklu betri.

Starfsfólki sem sinna málefnum félaganna hefur fjölgað og ekki síst eru fleira menntað fólk á skrifstofunum. En margt hefur svo sem ekkert breyst.

Launin eru enn alltof lág, aðbúnaður á vinnustöðum mætti vera betri. Hvíldartími er ekki virtur. Fólk er rekið, oft fyrir litlar sakir.

Launaseðlar eru ekki nógu skýrir eða jafnvel engir til.

Svona mætti, því miður, lengi telja. Gleymum samt ekki að að margt hefur áunnist.

Sundurlyndi og vantraust einkennir þjóðarsálina. Því ástandi verður að linna. Enginn vafi er á því að við munum vinna okkur út úr kreppuástandinu, en það virðist ætla að taka okkur allt of langan tíma.

Við verðum að hætta að kynda undir sundrung og snúa bökum saman því öll stefnum við að sama marki.

Að ná okkur upp úr öldudalnum og gera samfélagið betra og réttlátara.

Við verðum að kalla fram það besta í fari hvers annars og taka tillit til og treysta hvert öðru.

Við verðum líka hvert og eitt að líta gagnrýnum augum í eigin barm. Við verðum að geta gefið eftir af okkar ýtrustu kröfum til þess að ná að mynda samstæða heild sem sameiginlega vinnur af alhug til að styrkja þá einingu sem gagn getur gert,

Stéttarfélögin eru vettvangurinn sem stendur okkur næst í þessu tilliti. Þau starfa þvert á stjórn málaöfl og trúfélög og þeim ber að standa vörð um áunnin réttindi og sækja fram fyrir hönd sinna félagsmanna. En félögin eru ekki neitt nema að menn standi saman innan þeirra.

En allt þetta snýst um að hafa vinnu því vinnan er gríðarlega mikilvæg, þess vegna krefjumst við fleiri starfa strax.

Vinna er velferð! Enn og aftur félagar, til hamingju með daginn!